

### **39. fundur nemendaráðs 25. febrúar 2021**

**Mættir: Heiða Bára Pétursdóttir, Máney Dýrunn Þorsteinsdóttir, Eyrún Una Arnarsdóttir, Saga Ísey Þorsteinsdóttir, Sverrir Franz Vinginnsson, Aníta Rós Brynjarsdóttir.**

#### **1. Skíðaferð**

Skíðaferð hjá unglingastigi tókst mjög vel. Skíðaferð miðstigs verður föstudaginn 5. mars.

#### **2. Fótboltavöllur**

Mikilvægt að aðeins einn bolti sé á fótboltavellinum. Starfsfólk í gæslu beðið um að fylgjast með því.

#### **3. Bekkjarverðlaun í búningakeppni.**

6. bekkur velur hvort þau fari á Sjávarborg eða í Sjoppuna í pizzuveislu.

#### **4. Árstíð og söngvarakeppni.**

Ekki búið að taka neina ákvörðun um hvort eða hvernig árshátíð eða söngvarakeppni verði haldin.

#### **5. Hugsað um barn**

Það verkefni hefur verið á höndum foreldra í 9. bekk á hvert. Ekki vitað hver staðan er á því.

#### **6. Áfangi fyrir 10. bekk í FNV næsta vetur**

Nemendur taka vel í hugmynd um áfanga í dreifnámi næsta vetur til að styrkja tengsl framhaldsskóla og grunnskóla. Einnig til að kynna nemendum framhaldsnám og dreifnám. Einingar munu fást fyrir áfangann ef hugmyndin nær fram að ganga.

#### **7. Bekkjarfundir**

10. bekkur - ekki alltaf farið í hring, fundir falla niður ef engin málefni. Oftast er rætt um 10. bekkjar ferðalagið.

9. bekkur - sitja oftast í hring. Einn er fenginn til að vera ritari. Málefni frá kennara eða úr hugmyndagrís.

8. bekkur - enginn fulltrúi á fundinum.

7. bekkur - sitja alltaf í hring og kennari skrifar fundargerð.

6. bekkur - sitja ekki alltaf í hring. Málefni frá kennara og nemendum.

5. bekkur - sitja í hring og málefni frá kennurum og nemendum.

Nemendaráð ákveður að halda bekkjarfundakeppni. Keppnin felst í því að skila til ritara 8. fundargerðum til 7. maí. Dregið verður um sigurvegara ef feiri en einn standa skil á 8 fundargerðum á þessum tíma.

#### **8. Vináttudagur**

Nemendaráð tekur vel í hugmynd frá nemendum í 2. bekk að halda vináttudag þar sem nemendur geta heimsótt aðra bekki. Fulltrúar í nemendaráði munu ræða framkvæmdina á bekkjarfundum og koma með tillögum á næsta fund. Ein hugmynd er að tiltekinn bekkur tekur á móti gestum á ákveðnum tíma og geirir eitthvað fyrir gesti sína.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 4. mars kl. 8:30.